

10
1. marz

G J A L D S K R Á

fyrir

rafveitu Reyðarfjarðarhrepps.

1. gr.

Rafveitan selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:
Raforkan verður aðeins seld um hemil.
Verðið er 10 aurar fyrir hvert vatt um árið.

2. gr.

Rafmagnsgjöld skulu greidd ársfjórðungslega að fjórðaparti í senn, og eru gjalddagar þessir: 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert.

3. gr.

Rafveitan leggur notendum til hemla (og mæla). Leiga fyrir hemil er 2 krónur fyrir hvern ársfjórðung.

4. gr.

Hreppsnefndinni er heimilt að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun rafmagns um allt að 10% frá því sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

5. gr.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefir verið afhent honum, eða afhent í húsnæði það, sem lögnin er í.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi sem hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. marz 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.